

## Umsögn

Að lokinni auglýsingu er lögð fram að nýju umsókn Valsmanna hf. og Knattspyrnufélagsins Vals dags. 4. febrúar 2014 varðandi breytingu á deiliskipulagi Hlíðarenda í Vatnsmýri. Í breytingunni felst fjölgun á íbúða, fækkun fermetra atvinnuhúsnæðis, ný borgargata o.fl., samkvæmt uppdr. Alark arkitekta ehf. dags. 28. apríl 2014. Einnig er lögð fram greinagerð Alark arkitekta ehf. dags. 28. apríl 2014 og umsögn Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur dags. 8. ágúst 2014 og minnisblað skrifstofu umhverfisgæða dags. 8. ágúst 2014. Tillagan var auglýst frá 27. júní til og með 8. ágúst 2014. Eftirtaldir aðilar sendu athugasemdir: Sigurður Thoroddsen dags. 5. ágúst 2014, Flugbjörgunarveitin í Reykjavík dags. 7. ágúst 2014, Hjartað í Vatnsmýrinni dags. 7. ágúst 2014, Samtök ferðaþjónustunnar dags. 8. ágúst 2014 og Mýflug hf. og læknisfr. þjónusta sjúkraflugs, Icelandair Group dags. 8. ágúst 2014.

### Tillagan var auglýst frá 27. júní til og með 8. ágúst 2014. Eftirtaldir aðilar sendu athugasemdir:

1. Sigurður Thoroddsen dags. 5. ágúst 2014,
2. Flugbjörgunarveitin í Reykjavík dags. 7. ágúst 2014,
3. Hjartað í Vatnsmýrinni dags. 7. ágúst 2014
4. Samtök ferðaþjónustunnar dags. 8. ágúst 2014
5. Mýflug hf. og læknisfr. þjónusta sjúkraflugs
6. Icelandair Group dags. 8. ágúst 2014

### Umsagnir:

Umsögn Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur dags. 8. ágúst 2014  
Minnisblað skrifstofu umhverfisgæða dags. 8. ágúst 2014

### Samantekt á athugasemdum vegna breytingar á deiliskipulagi Hlíðarenda

#### 1. Sigurður Thoroddsen dags. 5. ágúst 2014

#### Gerðar eru athugasemdir við eftirfarandi:

Lokun flugbrautar 06-24. Bréfritari segir íbúðabyggð við enda flugbrautar 06-24 ekki raunhæfan kost. Íbúðabyggð á þessum stað myndi sjálfkrafa þýða lokun flugbrautar 06-24. Bréfritari bendir á að í gildi séu skipulagsreglur fyrir Reykjavíkurflugvöll sem ekki gera ráð fyrir lokun flugbrautarinnar. Bréfritari vísar í skipulagsreglur fyrir Reykjavíkurflugvöll og að samkvæmt þeim reglum sé gert ráð fyrir landnotkun vegna flugsvæðis með tilheyrandi hindrunarflötum. Reglurnar geri ekki ráð fyrir lokun flugbrautar. Bréfritari vísar til þess að skipulagsreglur eru staðfestar af innanríkisráðherra á meðan Aðalskipulag Reykjavíkur, sem gerir ráð fyrir að flugvöllurinn víki, er staðfest af Skipulagsstofnun. Bréfritari telur að skipulagsreglur flugvallarins vera í gildi þar sem sveitafélög og stofnanir geti ekki breytt ákvörðun ráðherra.

#### Svar:

Flugbraut 06-24 er ekki lengur að finna á skipulagi. Í gildi er deiliskipulag Reykjavíkurflugvallar sem tók gildi 6. júní 2014 sem ekki gerir ráð fyrir flugbrautinni. Auk þess sem Aðalskipulag Reykjavíkur 2010-2030 gerir ekki ráð fyrir flugbrautinni. Athugasemdin varðar því ekki efnislega þætti deiliskipulagstillögunnar.

#### Flugbjörgunarveitin í Reykjavík dags. 7. ágúst 2014,



**Gerðar eru athugasemdir við eftirfarandi:**

1. Aðkomu. Bréfitari segir ekki liggja fyrir hvernig leysa eigi framtíðaraðkomu að FBSR. Það sé nú þegar búið að taka aðra innkeyrsluna af tveimur af félaginu.
2. Umferðarpunga. Bréfitari segir umferðarpunga aukast verulega á svæðinu með fyrirhugaðari byggð. Umferð bíla að HR svæðinu, fyrirhugaðrar byggðar Hlíðarenda og því svæði sem fyrirhugað er að byggja við HR svæðið mun fara um ljósastýrð gatnamót á mótum Flugvallavegar, Nauthólsvegar og bráðabirgðatengingar að Hringbraut. Bréfitari óskar eftir nánari skýringum um það hvernig leysa eigi umferðarpunga á þessu svæði sem mun hafa mikil áhrif á aðkomu lóðar FBSR.
3. Aðgengi. Bréfitari segir mikilvægt að aðgengi að lóð FBSR verði gott þar sem viðbragðstími til og frá björgunarmiðstöðinni sé mjög mikilvægur í neyðartilvikum. Við útköll sé mikilvægt að FBSR hafi greiðan aðgang að gatnakerfinu. Bréfitari óskar eftir skriflegri staðfestingu frá Reykjavíkurborg þess efnis að kannað hafi verið hvort eitthvað í deiliskipulagi geti raskað núverandi stöðu FBSR eða hindrað starfssemi FBSR.
4. Áhrif á fjáröflun eða fjárhagslegan rekstrargrundvöll FBSR. Bréfitari óskar eftir skriflegri staðfestingu þess efnis að engar hindranir eða takmarkanir verði á flugeldasölu félagsins vegna fyrirhugaðrar byggðar. Vinnureglur Slökkviliðs Höfuðborgarsvæðisins SHS kunni að hafa takmarkandi áhrif vegna fjarlægðartakmarkana.
5. Deiliskipulag Öskjuhlíðar. Bréfitari óskar eftir viðræðna um deiliskipulagsvinnu á Öskjuhlíðarsvæðinu.

**Svör:**

1. Deiliskipulag Valssvæðis nær ekki til lóðar Flugvallarvegar 7. Ekki stendur til að breyta legu Flugvallarvegar. Aðkomur að lóðum Flugvallarvegar 5 og 7 verða óbreyttar. Nýr vegur að Valssvæði tengist Flugvallarveg vestan við knatthús. Aðeins verða leyfðar hægri beygjur við þá vegtengingu. Til að tryggja að svo verði má reikna með að sett verði miðeyja á Flugvallarveg á móti nýja veginum. Miðeyjan á ekki að skerða núverandi aðkomur við Flugvallarveg.
2. Umferð mun aukast á Flugvallarveg með uppbyggingu á Valssvæði. Sú aukning á umferð á ekki að skapa teljandi vandræði fyrir núverandi byggð. Tvær leiðir eru frá svæðinu að stofnbrautum, þ.e. inn á Hringbraut og Bústaðaveg. Gera má ráð fyrir að umferð dreifist eftir atvikum þegar umferðarálag er mikið. Reikna má með tilfallandi umferðarálagi vegna íþróttaviðburða á Valssvæði. Ekki er ástæða til að ætla að umferðarálag af þeim sökum verði verra en nú gerist.
3. Núverandi gatnamótum Valssvæðis við Flugvallarveg - Nauthólsveg verður breytt. Framhjáhlaup fyrir hægri beygjur verða fjarlægð. Hægri beygjum verður stýrt með umferðarljósum. Afkastageta gatnamótanna skerðist lítillega við það.



4. Samkvæmt Slökkviliðs Höfuðborgarsvæðisins er almenna reglan að þar sem lagerhúsnæði er staðsett skal brunahanna þá byggingu og þá miðað við geymt magn og fjarlægðir í næstu byggingar, miða má við annað sprengiefni t.d. dínamit. En þar eru skýr ákvæði um fjarlægðamörk. Varðandi sölu á skoteldum þá fylgir þeim alltaf einhver lager, en núverandi reglur kveða á um að lager á viðkomandi sölustað sé aðeins það magn sem geymt er í hillum sölustaðar og sá varningur sé allur sjáanlegur viðskiptavinum. Magn púðurs í stærri skoteldum er ca. 10-12% af heildarþyngd efnasamsetningar skotelds. Sé t.d. miðað við 1000 kg af skoteldum af stærri gerð t.d. tertur og stærri rakettur þá væri magnið af púðri ca. 100 kg. Nefna má að í reglum um dínamit að ef geymd eru 100 kg af dínamiti eða svipuðu sprengiefni skal fjarlægð að næstu íbúðabyggð vera 400 metrar, en að t.d. sjúkrahúsum, leikvöllum og fjölförnum götum skal fjarlægð vera 800 metrar. Fjarlægðamörkin breytast lítið fyrr en við 3000-4000 kg. Rétt væri að fá þar til bæra aðila t.d. brunahönnuði að reikna nákvæmlega hvað mætti geyma af hefðbundnum skoteldum hjá FB.
5. Embætti skipulagsfulltrúa fagnar öllum áhuga hagsmunaaðila til samráðs við gerð deiliskipulags. Þegar tillaga liggur fyrir verður hún auglýst og er Flugbjörgunarsveitin hvött til þess að kynna sér þær áætlanir á svæðum sem hún telur sig hafa hagsmuni að gæta.

#### Samtök ferðaþjónustunnar dags. 8. ágúst 2014

##### Gerðar eru athugasemdir við eftirfarandi:

Lokun flugbrautar 06-24. Bréfitari vitnar í áhættumat Ísavia, dags. 8. apríl 2014, og segir þar koma fram að lokun flugbrautarinnar sé metin óásættanleg. Bréfitari segir Reykjavíkflugvöll mikilvægan ferðaþjónustu. Bréfitari bendir á að starfshópur undir forystu Rögnu Árnadóttur sem fjalla á um framtíðarfyrirkomulag Reykjavíkflugvallar sé enn að störfum. Bréfitari segir Samtök ferðaþjónustunnar reiðubúin til samstarfs um framtíðarskipulag flugsamgangna fyrir Reykjavíkarsvæðið.

##### Svar:

Flugbraut 06-24 er ekki lengur að finna á skipulagi. Í gildi er deiliskipulag Reykjavíkflugvallar sem tók gildi 6. júní 2014 sem ekki gerir ráð fyrir flugbrautinni. Auk þess sem Aðalskipulag Reykjavíkur 2010-2030 gerir ekki ráð fyrir flugbrautinni. Athugasemdin varðar því ekki efnislega þætti deiliskipulagstillögunnar.



## Mýflug hf. og læknisfr. þjónusta sjúkraflugs

### Gerðar eru athugasemdir við eftirfarandi:

Lokun flugbrautar 06-24. Bréfitrarar gera athugasemd við lokun flugbrautarinnar vegna aðgengis að heilbrigðisþjónustu. Bréfitrari rekur ýmsar ástæður fyrir því að Reykjavíkurflygvöllur fari ekki, þar má nefna: að mikilvægt sé að flugvöllurinn fari ekki vegna legu Reykjavíkurflygvallar nærri Landspítalanum Háskólasjúkrahúss, vegna tæknivæðingu sem orðið hefur sér stað, vegna lágs reynslustuðuls lækna á landsbyggðinni, vegna fjölda sjúkrafluga sem hafa verið um 500 á ári og vegna fyrirkomulags sjúkraflugþjónustu við Reykjavíkurflygvöll. Bréfitrari segir flugbraut 06-24 mikilvæga vegna þess að hægt er að nota hana í hvössum suðvestan- eða norðaustanvindum. Bréfitrari vitnar í áhættumat Ísavia, dags. 8. apríl 2014, og segir þar koma fram að lokun flugbrautarinnar sé metin óásættanleg. Bréfitrari bendir á að 69.791 Íslendingur hafi ritað undir áskorun sem lagðist gegn áformum um að flytja flugvöllinn úr Vatnsmýrinni.

### Svar:

Flugbraut 06-24 er ekki lengur að finna á skipulagi. Í gildi er deiliskipulag Reykjavíkurflygvallar sem tók gildi 6. júní 2014 sem ekki gerir ráð fyrir flugbrautinni. Auk þess sem Aðalskipulag Reykjavíkur 2010-2030 gerir ekki ráð fyrir flugbrautinni. Athugasemdin varðar því ekki efnislega þætti deiliskipulagstillögunnar.

### Icelandair Group dags. 8. ágúst 2014

### Gerðar eru athugasemdir við eftirfarandi:

Lokun flugbrautar 06-24. Bréfitrari segir samstarfsnefnd sem gera á úttekt á mögulegum kostum fyrir framtíðarstaðsetningu flygvallar á höfuðborgarsvæðinu enn að störfum. Bréfitrari segir lokun flugbrautarinnar hafa áhrif á nothæfisstuðul flygvallarins. Það komi fram í skýrslu Dr. Guðmundar R. Jónssonar og Dr. Páls Valdimarssonar, prófessora við verkfræðideild Háskóla Íslands, frá árinu 2000. Bréfitrari segir að í áhættumat Ísavia komi fram að lokun flugbrautarinnar muni draga úr flugöryggi. Bréfitrari minnir á að 69.791 Íslendingur hafi ritað undir áskorun sem lagðist gegn áformum um að flytja flugvöllinn úr Vatnsmýrinni.

### Svar:

Flugbraut 06-24 er ekki lengur að finna á skipulagi. Í gildi er deiliskipulag Reykjavíkurflygvallar sem tók gildi 6. júní 2014 sem ekki gerir ráð fyrir flugbrautinni. Auk þess sem Aðalskipulag Reykjavíkur 2010-2030 gerir ekki ráð fyrir flugbrautinni. Athugasemdin varðar því ekki efnislega þætti deiliskipulagstillögunnar.

### Hjartað í Vatnsmýrinni dags 7. ágúst 2014

### Gerðar eru athugasemdir við eftirfarandi:

Lokun flugbrautar 06-24. Bréfitrari segir að 69.791 Íslendingur hafi ritað undir áskorun sem lagðist gegn áformum um að flytja flugvöllinn úr Vatnsmýrinni. Bréfitrari segir ólýðræðisleg vinnubrögð hafi verið viðhöfð. Bréfitrari segir nothæfisstuðul flygvallarins verða of lágan og vitna í skýrslu Dr. Guðmundar R. Jónssonar og Dr. Páls Valdimarssonar. Bréfitrari segir að í áhættumat Ísavia komi fram að lokun flugbrautarinnar muni draga úr flugöryggi. Bréfitrarar gera athugasemd við lokun flugbrautarinnar vegna aðgengis að heilbrigðisþjónustu.

### Svar:





Flugbraut 06-24 er ekki lengur að finna á skipulagi. Í gildi er deiliskipulag Reykjavíkurflugvallar sem tók gildi 6. júní 2014 sem ekki gerir ráð fyrir flugbrautinni. Auk þess sem Aðalskipulag Reykjavíkur 2010-2030 gerir ekki ráð fyrir flugbrautinni. Athugasemdin varðar því ekki efnislega þætti deiliskipulagstillögunnar.

#### Umsagnir:

Umsögn Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur dags. 8. ágúst 2014

Minnisblað skrifstofu umhverfisgæða dags. 8. ágúst 2014

#### Umsögn Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur dags. 8. ágúst 2014

Í umsögninni kemur fram að jákvætt sé að hætt sé við að reisa leikskóla í nálægð við gatnamót umferðarpungra gatna, eins og gildandi deiliskipulag gerir ráð fyrir, og er ný staðsetning talin æskilegri.

1. Hljóðvist. Í umsögninni er bent á að æskilegt væri að það komi fram í skilyrðum skipulags að svefnherbergi snú að hljóðlátari hlið til þess að tryggja íbúum mestar líkur á næði. Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur telur einnig að ráðstafa eigi jarðhæðum undir annað en íbúðir vegna hávaða við húsvegg.
2. Grunnvatnsrannsóknir. Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur telur það lágmarkskröfu að fullnægjandi rannsóknir um grunnvatnsstraum og vatnafar svæðisins liggi fyrir áður en framkvæmdir hefjast.
3. Samráð. Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur óskar eftir því að vera samráðsaðilar við framkvæmd rannsókna og vöktun á framkvæmdartíma.
4. Sorp. Bent er á að sorpílátum sé komið þannig fyrir að þau valdi ekki óþægindum eða ónæði fyrir íbúa, og að tryggja þurfi aðgengi sorpbíla.

#### Svör:

1. Þökkum ábendinguna. Í deiliskipulagsbreytingunni er ekki verið að breyta lögun íbúabyggðar frá gildandi skipulagi en byggðin myndar nokkra húsgarða. Ekki er æskilegt að setja kvöð um að svefnherbergi snúi inn að húsgarði þar sem það getur þýtt að íverurými snúi í óhagstæða átt hvað varður birtu og útsýni. Hljóðvist skal leyst á byggingartæknilegan hátt. Samkvæmt hljóðvistargögnum sem vitnað er í í greinagerð er hávaði frá flugvelli innan marka. Komið verður til móts við athugasemdir með því að bæta við texta, í greinagerð, þess efnis að æskilegt sé að svefnherbergjum á jarðhæð verði snúið að inngarði. Hljóðvist skal leyst á byggingartæknilegan hátt.
2. Stefnt er að því að framkvæmdir við Hlíðarenda munu hefjast áður en rannsóknunum á vatnafari Vatnsmýrarinnar og tilsvarendi líkangerð er lokið. Því verður spurningum um áhrif framkvæmda á vatnafarið ekki svarað áður en framkvæmdir hefjast. Því eru sérstakar kvaðir settar fram í deiliskipulaginu um vöktun á framkvæmdatíma, svo fylgst verði vel með áhrifum framkvæmda á vatnafar. Með vöktuninni má bregðast við hugsanlegum neikvæðum áhrifum á vatnafar með skjóttum hætti. Auk þess fæst vitneskja til fullnaðarákvörðunar fráveitukerfis svo mæta megi markmiðum aðalskipulags með sem bestum hætti. Einnig fæst enn betri vitneskja um vatnafar Vatnsmýrarinnar og viðbrögðum kerfisins við breytingum sem framkvæmdir hafa í för með sér. Framkvæmdir á Hlíðarenda geta því orðið nokkurs konar prófsteinn á næstu skref í uppbyggingu Vatnsmýrarinnar og gefið upplýsingar sem byggja má á við mat á áhrifum framtíðarframkvæmda á vatnafar Vatnsmýrarinnar.
3. Embætti skipulagsfulltrúa fagnar því að Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur vilji vera samráðsaðili við framkvæmd rannsókna og vöktunar, og telur það raunar nauðsynlegt í svo viðamiklu verkefni. Verið er að vinna verklýsingu og útboðsgögn fyrir uppbyggingu á Hlíðarenda. Tillögur frá Vatnaskilum um aðgerðir á framkvæmdatíma verða hluti af verklýsingu og útboði framkvæmda. Þegar verklýsing verður tilbúinn mun hún verða kynnt og sett til yfirlestrar hjá þeim er málið varðar hjá Umhverfis og skipulagssviði. Í framhaldi af því verður stofnaður þverfaglegursamráðshópur um rannsóknir og vöktun á framkvæmdartíma sem skipaður





verður aðilum frá Heilbrigðiseftirliti Reykjavíkur, fulltrúum framkvæmdaraðila auk annara aðila frá umhverfis- og skipulagssviði Reykjavíkur, skrifstofa eignar- og atvinnuþróunar mun hafa umsjón með samráðshópnum og gerð verklýsingu og útboðsgagna.

Minnisblað Vatnaskila dags. 28. apríl 2014 fylgir umsögn þessari sem viðauki.

4. Þökkum ábendinguna.

#### Minnisblað skrifstofu umhverfisgæða dags. 8. ágúst

Í minnisblaðinu kemur fram að skrifstofa umhverfisgæða telur Hlíðarendasvæðið vera mikilvægt styrkingarsvæði við vatnsbúskap friðlandsins og Tjarnarinnar, og að með áætlaðri byggð muni það styrkingarsvæði tapast eða raskast. Talið er að það álag verði til staðar í einhvern tíma og að ekki sé vitað hversu mikið það álag geti orðið. Bent er á að stöðugt innrennsli á ómenguðu vatni sé lykilsenda fyrir heilbrigði ferskvatns- og votlendisvistkerfa friðlandsins og Tjarnarinnar.

Í minnisblaðinu segir að það sé miður að ekki náist að klára rannsóknir á vatnafari en því er lykilatriði að vöktun á framkvæmdartíma fari fram á markvissan hátt. Þar segir að vöktunin þurfi að vera margþátta, ná yfir framkvæmdartímabilið allt og bæði framkvæmdarsvæðið og áhrifa svæði framkvæmda. Sérstaklega mikilvægt sé að vöktunin nái til friðlandsins í Vatnsmýri og Reykjavíkurtjarnar. Í minnisblaðinu er farið yfir þá þætti sem skrifstofa umhverfisgæða telur mikilvægt að vakta og lögð áhersla á ábyrgð umhverfis- og skipulagssviðs að sjá til þess að vöktun eigi sér stað á fullnægjandi hátt. Lagt er til að stofna þverfaglegan starfshóp til að skipuleggja og greina vöktunarferlið, skilgreina vöktunaraðila og fylgja eftir vöktun á öllum stigum sem og að undirbúa og fylgja eftir mótvægisáðgerðum.

Í minnisblaðinu kemur fram að hugað sé að sveiganleika og heildaráhrifum við hönnun og starfssemi vatnskerfa eins og kemur fram í deiliskipulagstillögu.

#### Svör:

Þökkum ábendinguna. Tekið er undir mikilvægi þess að vöktun fari fram á markvissan hátt og nái til áhrifasvæða. Það er einnig tekið undir það að stofna eigi þverfaglegan samráðshóp sem kemur að skipulagningu vöktunarferils og vöktun á öllum stigum.

Verklýsing og tillaga að vöktunarferli skal kynnt og sent til þverfaglegs samráðshóps til rýnis. Þverfaglegi samráðshópurinn mun fjalla um rannsóknir og vöktun á framkvæmdartíma og skal vera skipaður aðilum frá Heilbrigðiseftirliti Reykjavíkur, fulltrúum framkvæmdaraðila, aðilum frá skrifstofu umhverfisgæða, auk annara aðila frá umhverfis- og skipulagssviði Reykjavíkur. Skrifstofa eignar- og atvinnuþróunar mun hafa umsjón með samráðshópnum og gerð verklýsingu og útboðsgagna. Lagt er til að skrifstofa umhverfisgæða gegni lykilhlutverki í þeirri vinnu.

#### Niðurstaða:

Lagt er til að deiliskipulag verði samþykkt með eftirfarandi breytingum:

- Nánari útfærsla gatna á uppdrætti.
- Smávægileg lagfæring á lóðarstærðum.
- Staðsetning spennistöðva breytist í samráði við OR.
- Nánari skýringum um djúpgámalausn fyrir sorp íbúa bætt viðgreinagerð.

F.h. skipulagsfulltrúans í Reykjavík,

Hildur Gunnlaugsdóttir